

Fasteignafélagið Þórkatla ehf.

Fundargerð 43. stjórnarfundar 21. ágúst, 2024 kl. 15:00-16:55.

Mætt voru: Óskar Józefsson, Örn Viðar Skúlason, Hermann Hermannsson og Guðrún Þorleifsdóttir sem ritaði fundargerð.

Diljá Ragnarsdóttir sat fundinn.

Dagskrá fundar:

1. Fundargerð

Fundargerðir 42. fundar samþykkt.

2. Skýrsla framkvæmdarstjóra.

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu verkefnisins og helstu verkefni framundan. Alls hafa borist 918 umsóknir auk 18 umsókna frá búseturéttarhöfum.

Búið er að samþykkja 881 umsókn af stjórn og þinglýstir samningar eru orðnir 867. Búið að ganga frá 460 afsölum og taka við 686 eignum.

Kaupverð þeirra 881 umsókna sem búið er að samþykkja eru 67,7 milljarðar króna.

Vinna við 37 umsóknir, lögskilauppgjör og afsöl stendur yfir.

3. Tillaga framkvæmdastjóra að ferns konar stefnum fyrir félagið.

Framkvæmdastjóri kynnti drög að upplýsingastefnu, mannauð- og jafnréttisstefnu, umhverfisstefnu og starfskjarastefnu fyrir félagið. Eftir umræðu samþykkti stjórn allar stefnurnar að gerðum minni háttar breytingum.

4. Tillaga framkvæmdastjóra um afgreiðslu umsókna.

Framkvæmdastjóri lagði fyrir fundinn að taka afstöðu til afgreiðslu á sjö umsóknum um kaup á íbúðarhúsnæði.

Kaup á einni eign samþykkt en tvær umsóknir töldust þurfa nánari skoðun. Kaup á þremur altjónseignum samþykkt. Í einu tilviki voru ekki talin lagaskilyrði til að kaupa eign og ákveðið að senda umsækjanda bréf þar sem tilkynnt er að félagið áformi að hafna umsókn.

Afgreiðsla stjórnar skráð í vinnuskjal stjórnar.

5. Önnur mál

Ákveðið að hafa næstu fundi 29. ágúst kl 13-15 og 17. september kl. 14:30-16:00. Fleira ekki rætt og fundi slitið um kl. 16:55.

